



Að annast íbúa í sóttkví:

- Æskilegt er að sama starfsfólk þjónusti íbúa í sóttkví til að fækka þeim sem útsettir eru.
- Starfsfólk sem sinnir íbúum í sóttkví þarf að gæta vel að hreinlæti. Ávallt þarf að þvo sér vel um hendur með sápu og spritta áður en íbúi er aðstoðaður — einnig eftir á.
- Við alla nána snertingu og aðhlyningu á starfsmaður að nota hlífðarslopp úr plasti og einnota hanska.
- Starfsmaður getur notað sama hlífðarslopp á einni vakt ef góð aðstaða er til að geyma hann innan íbúðar og ef íbúi er einkennalaus. Henda skal sloppi strax í ruslapoka eftir notkun og fara með út í rusl.
- Starfsmaður íbúa í sóttkví þarf að fara úr hlífðarslopp áður en viðkomandi fer á sameiginleg svæði með öðru starfsfólki og íbúum sem ekki eru í sóttkví.
- Starfsfólk fer ekki sjálft í sóttkví heima hjá sér nema sá sem þeir aðstoða veikist.
- Starfsmaður íbúa í sóttkví þarf að gæta vel að handhreinsun þegar hann fer sjálfur í mat eða á salerni (fyrir og eftir).
- Starfsmaður á alls ekki að nota aðstöðu þess íbúa sem er í sóttkví.

Að annast íbúa í einangrun:

- Æskilegt er að sama starfsfólk þjónusti íbúa í einangrun til að fækka þeim sem útsettir eru.
- Starfsfólk sem sinnir íbúum í einangrun þarf að gæta vel að hreinlæti;
 - þvo sér vel um hendur með sápu
 - fara í hlífðarbúnað inn á starfsmannaaðstöðu áður en farið er inn í íbúð
 - taka með sér sérstaka ruslatunnu með ruslapoka ofan í og geymir fyrir utan íbúð.

Hlífðarbúnaður fyrir Covid-19 inniheldur hlífðarslopp, maska með ventli, gleraugu, húfu og hanska.

Verklag um hlífðarbúnað

- Hlífðarfatnaður er geymdur í starfsmannaaðstöðu.

- **Áður en aðhlyning hefst:**
 - Byrjað er á að þvo hendur vel með sápu og spritta á eftir.
 - Síðan er farið í hlífðarslopp
 - Settur upp maski með ventli
 - Húfa sett yfir hár
 - Hlífðargleraugu sett upp
 - Að lokum eru tvö pör af hönskum settir á hendur
- **Þegar aðhlyningu er lokið:**
 - Starfsmaður fer út úr íbúð
 - Klæðir sig úr hlífðarbúnaði fyrir utan; fyrst eru teknir af eitt par af hönskum, síðan hlífðarsloppur, því næst eru tekin niður hlífðargleraugu, þar næst húfa, svo maski og síðast eru teknir af hanskar
 - Allur hlífðarbúnaður er settur beint ofan í ruslapoka,
 - Poka lokað og farið með út í rusl.
 - Mikilvægt að þvo og spritta hendur vel eftir.

*Starfsfólk fer í sóttkví ef það fær kvef og flensulík einkenni
eftir að hafa þjónustað íbúa í einangrun án þess að nota hlífðarbúnað.*

Myndbönd sem sýna notkun hlífðarfatnaðar:

<https://www.landlaeknir.is/smit-og-sottvarnir/sykingavarnir-innan-heilbrigdisthjonustu/myndbond-sottvarnir/>

<https://vimeo.com/44923978>